

Greinargerð með
fjárhagsáætlun
Grundarfjarðarbæjar
2024



Efnisyfirlit

Forsendur	2
Aðalsjóður	4
Skatttekjur	4
Félagsþjónusta	6
Fræðslu- og uppeldismál	8
Menningarmál	10
Æskulýðs- og íþróttamál	12
Brunamál og almannavarnir	14
Hreinlætismál	15
Skipulags- og byggingarmál	16
Umferðar- og samgöngumál	17
Umhverfismál	18
Atvinnumál	19
Sameiginlegur kostnaður	20
Breyting lífeyrisskuldbindinga	22
Fjármagnsgjöld	22
A-hluta sjóðir	22
B-hluta sjóðir	23
Niðurlag	24



Forsendur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunarinnar:

- Álagningarhlutfall útsvars er 14,74%, sem er sama álagningarprósenta og árið 2023.
- Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 5,6% hækkun á vísitölu neysluverðs og 6,7% hækkun á launavísitölu, en þó ríkir óvissa um kjarasamninga á næsta ári skv. spánni. Skv. sömu spá er gert ráð fyrir 8,7% hækkun vísitölu neysluverðs og 9,6% hækkun launavísitölu á árinu 2023.
- Þjónustugjaldskrár hækka almennt um 7,5%, en hækkun þeirra hefur lengi vel verið undir breytingu á vísitölu neysluverðs. Sumar gjaldskrár haldast þó óbreyttar, en einstaka gjaldskrár hækka meira, þar sem þær hafa lengi verið lágar.
- Gert er ráð fyrir sama fjölda stöðugilda á áður, eða 66 stöðugildum í samstæðu Grundarfjarðarbæjar.
- Álagning fasteignagjalda breytist milli árana 2023 og 2024, þannig að lóðarleiga íbúðarhúsnæðis hækkar úr 1,5% í 2% og fráveitugjöld vegna íbúðarhúsnæðis hækkar úr 0,19% í 0,2%. Álagningarhlutföll verða því þau sömu og árið 2022 og mörg undangengin ár á undan, en þau voru lækkuð vegna ársins 2023 þar sem fasteignamat hafði hækkað verulega milli árana 2022 og 2023. Fasteignamat nánast stendur í stað eða lækkar eftir flokkum milli árana 2023 og 2024. Sorpgjöld hækka nokkuð milli ára, en skv. nýjum lögum um úrgangsmál er sveitarfélögum skylt að taka upp fjögurra tunnu flokkun við húsvegg íbúa og að setja um söfnunarstöðvar. Þá er ekki lengur heimilt að málaflokkurinn standi ekki undir sér. Önnur gjöld eru óbreytt.
 - Álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis A er 0,5%, opinbers húsnæðis B er 1,32% og atvinnuhúsnæðis C er 1,65%.
 - Álagningarhlutfall lóðarleigu íbúðarhúsnæðis A er 2,0%, opinbers húsnæðis B er 2,0% og atvinnuhúsnæðis C er 4,0%. Lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.
 - Álagningarhlutfall fráveitugjalda íbúðarhúsnæðis A er 0,2%, opinbers húsnæðis B er 0,3% og atvinnuhúsnæðis C er 0,4%.
 - Sorpgjald er 83.641 kr. á ári og sorpgjald sumarhúsa 40.967 kr. á ári. Sorpgjald heimila skiptist þannig: fastagjald 32.541 kr., tunna fyrir óflokkað sorp 21.800 kr., tunna fyrir plast 9.900 kr., tunna fyrir pappa 9.900 kr. og tunna fyrir lífrænan úrgang 9.500 kr. Í undantekningatilfellum er hægt að fá tvískipta tunnu á 21.800 kr. Breytingagjald er 3.500 kr. og skrefagjald (umfram 15 m.) 50% á ílát.
- Í fjárfestingar er ráðgert að verja 214 millj. kr. Helst er þar að nefna áframhaldandi hafnarframkvæmdir, lagfæringar á húsnæði grunnskóla og leikskóla, íþróttahúss og sundlaugar, íþróttavallar, og annars húsnæðis, áframhald orkuskipta, endurbætur á götum og gangstéttum og skipulagsmál. Auk þess er miðað við að verja fé í fráveitu og íbúðir eldri borgara, auk tækjakaupa slökkviliðs og annarra stofnana.
- Áfram verður gætt aðhalds í rekstri og hagkvæmni í innkaupum. Fjárhagsáætlun er unnin í samráði við forstöðumenn deilda og stofnana. Megin markmið áætlunar er að sinna vel öllum lögboðnum rekstri sveitarfélagsins, halda við eignum og vinna að brýnustu framkvæmdum í sveitarfélaginu.
- Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta samstæðu verði með 49,2 millj. kr. afgangi og að rekstrarniðurstaða A-hluta verði með 17,2 millj. kr. afgangi.
- Í rekstraryfirliti fjárhagsáætlunar ársins 2024 kemur fram að heildartekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 1.729,8 millj. kr. Laun eru áætluð 936,4 millj. kr., önnur rekstrargjöld 516,1 millj. kr. og afskriftir 74,7 millj. kr. Rekstrarniðurstaða áætlunarinnar er því jákvæð um 202,6 millj. kr.



fyrir fjármagnsliði. Fjármagnsgjöld eru áætluð 153,3 millj. kr., þannig að þegar tekið hefur verið tillit til þeirra er rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð um 49,2 millj. kr.


- Í sjóðsstreymisyfirliti áætlunarinnar kemur fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum og áföllnum en ógreiddum verðbótum og gengismun og öðrum breytingum á skuldbindingum að veltufé frá rekstri er 260,3 millj. kr. Þessi fjárhæð nýtist síðan til afborgana lána og nauðsynlegra fjárfestinga sem brýnt er talið að ráðast í á árinu 2024. Ráðgert er að fjárfestingar nettó verði 214,0 millj. kr. og afborganir lána 164,8 millj. kr. og að tekin verði ný lán að fjárhæð 100 millj. kr. Að öllu þessu töldu er gengið á handbært fé um 17,1 millj. kr. en í upphafi árs er ráðgert að það verði 66,3 millj. kr. Handbært fé í árslok ársins 2024 er því áætlað 49,2 millj. kr. gangi fjárhagáætlun ársins 2024 fram eins og ráðgert er.



Aðalsjóður

Skatttekjur

Skatttekjur	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Útsvar	622.489	668.811	46.322	7,4%
Fasteignaskattur	133.786	140.898	7.112	5,3%
Jöfnunarsjóður	348.031	397.286	49.255	14,2%
Lóðarleiga	39.769	47.709	7.940	20,0%
Samtals	1.144.075	1.254.704	110.629	9,7%



Útsvar

Upplýsingar um breytingu útsvarsstofns milli ára koma frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og einnig er miðað við spá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlað er að útsvar ársins 2024 hækki um 7,4% milli áruna 2023 og 2024. Búast má við að hækkun útsvars haldist í hendur við launaþróun. Gengisþróun og fiskverð vigta mikið í launum hér í Grundarfirði. Gert er ráð fyrir að öðru leyti að útsvar í Grundarfirði hækki með sambærilegum hætti eins og landsmeðaltal gerir ráð fyrir.

Fasteignaskattur og lóðarleiga

Álagningarprósentur fasteignaskatts er óbreytt frá fyrra ári, en lóðarleiga íbúðarhúsnæðis hækkar úr 1,9% í 2,0%. Álagning fasteignaskatts A er 0,5%, álagning fasteignaskatts B er 1,32% og fasteignaskattur C er 1,65%. Lóðarleiga A er 2,0%, lóðarleiga B er 2,0%, lóðarleiga C er 4,0% og lóðarleiga ræktunarlands er 3,0%.




Jöfnunarsjóður

Áætluð heildarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru byggð á áætlun sem Jöfnunarsjóðurinn gerir. Skv. áætluninni hækka heildarframlög um 49,3 millj. kr. Gert er ráð fyrir að útgjaldajöfnunarframlag hækki um 28,0%, jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla hækki um 13,4% og að fasteignaskattsjöfnun hækki um 17,1. Önnur framlög lækka.

Framlög Jöfnunarsjóðs skiptast á eftirfarandi hátt:


Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Tekjujöfnunarframlag	9.170	0	-9.170	-100,0%
Útgjaldajöfnunarframlag	132.417	169.431	37.014	28,0%
Framlag vegna nýbúafræðslu	2.890	0	-2.890	-100,0%
Jöfnunarframlag til reksturs grunnskóla	132.367	150.107	17.740	13,4%
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	7.550	6.051	-1.499	-19,9%
Fasteignaskattsjöfnun	61.227	71.697	10.470	17,1%
Aukaframlag	2.410	0	-2.410	-100,0%
Sérstakt framlag	0	0	0	
Samtals	348.031	397.286	49.255	14,2%





Félagsþjónusta

Félagsþjónusta	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Framlag til Félagsþjónustu Snæfellinga	28.325	25.762	-2.563	-9,0%
Félagsleg aðstoð	7.720	11.821	4.101	53,1%
Þjónusta við börn og unglinga	7.720	5.542	-2.178	-28,2%
Þjónusta við aldraða	11.921	13.193	1.272	10,7%
Þjónusta við fatlaða	60.205	79.466	19.261	32,0%
Ýmsir styrkir og framlög	105	110	5	4,8%
Samtals	115.996	135.894	19.898	17,2%



Framlag til Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS)

Framlagi til FSS er skipt í tvennt, og er 85% verið bókað vegna félagsþjónustu og 15% vegna skólaþjónustu. Framlag vegna ársins 2024 lækkar aðeins milli ára þar sem FSS hefur fengið auknar tekjur gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Framlöggin höfðu hækkað verulega árin á undan, en uppbygging íbúðakjarna fatlaðra er þar stór áhrifaþáttur.

Félagsleg aðstoð

Á þennan lið hefur verið færð fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur og félagsleg heimaþjónusta, sem getur verið breytileg milli ára.

Þjónusta við börn og unglinga

Gert er ráð fyrir heldur minni þjónustu við börn og unglinga, en ráðgert var á árinu 2023. Sú þjónusta er skipulögð af FSS og er eftir þörfum hverju sinni.



Þjónusta við aldraða

Þjónusta við aldraða skiptist í framlag til Dvalarheimilisins Fellaskjól, heimaþjónustu aldraðra og tómsundastarf aldraðra. Gert er ráð fyrir 10,7% hækkun kostnaðar milli áætlana.

Þjónusta við fatlaða

Gert er ráð fyrir að þjónusta við fatlaða hækki um 32% milli ára. Málefni fatlaðra sem sveitarfélögin tóku yfir eru í umsjón Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Stór hluti kostnaðar vegna þessa er brúaður með sérstakri heimild til hækkunar á útsvari sveitarfélaga, sem kemur fram í tekjuhlið áætlunarinnar og færist síðan út sem útgjöld undir málefnum fatlaðra í gjaldahlið áætlunarinnar. Alls er áætlað til þessa málaflokks 79,5 millj. kr.

Ýmsir styrkir og framlög


Gert er ráð fyrir svipuðu framlagi og árið 2023. Um er að ræða lögbundnar greiðslur í orlofssjóð húsmæðra og ýmsan ófyrirséðan kostnað vegna félagslegrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild hækki um 17,2%



Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Skólanefnd	6.300	3.451	-2.849	-45,2%
Skólaþjónusta	4.999	4.546	-453	-9,1%
Leikskóli	175.437	179.047	3.610	2,1%
Grunnskólamál	303.673	352.373	48.700	16,0%
Eldhamrar	23.962	26.759	2.797	11,7%
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	9.000	9.700	700	7,8%
Tónlistarskóli	39.883	37.494	-2.389	-6,0%
Umferðarskólinn	35	35	0	0,0%
Samtals	563.289	613.405	50.116	8,9%



Skólanefnd

Skólanefnd skipa fimm fulltrúar og fundar nefndin eftir þörfum að jafnaði um sex sinnum á ári. Nefndin fer með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði vegna funda nefndarinnar, en gerð var ný skólustefna árið 2023 og hún er langt komin, sem skýrir lækkun kostnaðar á þessum lið.

Skólaþjónusta

Um er að ræða kostnað við skólaþjónustu hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSS). Framlag til skólaþjónustu lækkar milli ára, sem er í samræmi við lægra heildarframlag til Félags- og skólaþjónustu.



Leikskóli

Í leikskólanum eru 49 nemendur og eru allflestir í heilsdagsvistun. Meðalvistunartími er um 8 klst. á dag. Stöðugildi við leikskólann eru nú um 15,43 og gert er ráð fyrir sömu stöðugildum á árinu 2024. Gjöld fyrir leikskólavist hækka nú um 7,5% milli ára, en hafa lítið hækkað síðustu árin. Gert er ráð fyrir að útgjöld leikskólans aukist um 3,6 millj. kr. milli ára, sem er 2,1%.

Grunnskólamáli

Nemendur grunnskólans eru nú 111 talsins. Rekstur skólans hefur verið góður og stenst hann vel samanburð við aðra skóla af sambærilegri stærð. Kennarar og stjórnendur við grunnskólann eru 15 í 14,4 stöðugildum. Annað starfsfólk er tíu í 6,1 stöðugildum. Gert er ráð fyrir að útgjöld skólans aukist um 48,7 millj. kr. milli árunna 2023 og 2024, sem er 16,0%. Undir liðnum grunnskólamáli eru málefni grunnskólans, heilsdagsskóla og skólamáltíða.

Leikskóladeildin Eldhamrar

Á Eldhömrum eru 11 börn. Árið 2017 var fyrsta heila rekstrarár Eldhamra. Mikil ánægja hefur verið með þessa nýbreytni í starfsemi leikskóla og nemendur njóta góðs af því að eiga kost á að nýta innanhússaðstöðu grunnskóla, tónlistarskóla og íþróttamannvirkja. Á deildinni starfa fjórir starfsmenn í 3,1 stöðugildum.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Um er að ræða húsaleigu og framlag vegna skólaaksturs. Grundarfjarðarbær greiðir húsaleigu vegna skólabyggingar FSN ásamt öðrum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, auk þess að taka þátt í kostnaði við skólaakstur.

Tónlistarskóli

Fjöldi nemenda tónlistarskólans eru 50 talsins. Starfandi kennarar eru fjórir tímabundið í 3,1 stöðugildum, en voru í 3,3 stöðugildum. Áætlað er að kostnaður tónlistarskólans lækki um 6,0% milli árunna 2023 og 2024 vegna færri stöðugilda.

Umferðarskólinn


Hér er um lögbundið framlag að ræða til umferðarskólans „ungir vegfarendur“.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins í heild aukist um 8,9%



Menningarmál

Menningarmál	Útkomuspá	Áætlun	Breyting kr.	Breyting %
	2023	2024		
Menningarnefnd	983	934	-49	-5,0%
Bókasafn	13.565	11.974	-1.591	-11,7%
Bæringsstofa	0	0	0	#DIV/0!
Eyrbyggja, sögumiðstöð	0	0	0	#DIV/0!
Samkomuhús	6.715	8.462	1.747	26,0%
Hátíðir	1.800	1.800	0	0,0%
Ýmsir styrkir	1.700	4.200	2.500	147,1%
Samtals	24.763	27.370	2.607	10,5%



Menningarnefnd

Í menningarnefnd sitja þrjú fulltrúar. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við nefndina árið 2024. Nefndin fer m.a. með málefni bókasafns, menningarhúsa og menningarmála.

Bókasafn

Bókasafnið er sem kunnugt er staðsett í Sögumiðstöð. Gert er ráð fyrir lægri kostnaði við rekstur bókasafnsins á árinu 2024 vegna breytinga í starfsmannahaldi þar sem gert er ráð fyrir að launakostnaður mun færast á fleiri deildir.

Samkomuhús

Miklar breytingar hafa átt sér stað á rekstri samkomuhússins undanfarin ár og lækkun kostnaðar verði verulegur. Farið var í stórtækar framkvæmdir í húsinu á síðustu árum. Stór hluti tekna hússins er vegna eigin nota, þ.e. stofnanir bæjarins og félög sem bærinn styrkir. Gert er ráð fyrir 26,0% aukningu á kostnaði við rekstur hússins.



Hátíðir og ýmsir styrkir


Framlag til hátíða eru vegna þjóðhátíðar 17. júní, bæjarhátíðarinnar „Á góðri stund“, Rökkurdaga og fleira. Styrkir eru bæði fjárframlög og húsnæðisstyrkir.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 10,5% milli ára.



Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Íþróttá- og tómstundanevnd	847	1.203	356	42,0%
Íþróttá- og tómstundamál	13.589	15.280	1.691	12,4%
Sumarnámsk., vinnusk, og önnur æskul.mál	4.550	6.127	1.577	34,7%
Félagsmiðstöðin Eden	3.061	4.452	1.391	45,4%
Ungmennaráð	505	707	202	40,0%
Íþróttahús og sundlaug	49.976	48.758	-1.218	-2,4%
Íþróttavellir	6.892	6.955	63	0,9%
UMFG	11.650	11.364	-286	-2,5%
Ýmsir styrkir	2.979	2.986	7	0,2%
Samtals	94.049	97.832	3.783	4,0%



Íþróttá- og tómstundanevnd

Í þróttá- og tómstundanevnd sitja þrjú fulltrúar. Gert er ráð fyrir fleiri fundum nefndarinnar árið 2024.

Íþróttá- og tómstundamál

Framlög vegna íþróttá- og tómstundafulltrúa eru færð á þennan lið. Gert er ráð fyrir 12,4% aukningu kostnaðar milli ára.



Sumarnámskeið, vinnuskóli og önnur æskulýðsmál

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag sumarnámskeiða og vinnuskóla verði með svipuðu sniði og sumarið 2023, en síðustu ár hefur framboð sumarnámskeiða verið aukið verulega. Áætluð kostnaðaraukning milli ára er um 1,6 millj. kr. eða 34,7%.

Félagsmiðstöðin Eden

Félagsmiðstöðin starfar í húsnæði grunnskólans. Í miðstöðinni starfa þrjú leiðbeinendur í hlutastörfum. Gert er ráð fyrir að kostnaður aukist um 1,4 millj. kr. eða 45,4% milli ára vegna fleiri fyrirhugaðra viðburða en áður var, m.a. vegna Covid-tímabilsins.

Ungmennaráð

Gert er ráð fyrir auknum kostnaði við ungmennaráð, en ráðið hefur haldið nokkra fundi á árinu 2023.

Íþróttahús og sundlaug

Rekstur íþróttahúss og sundlaugar er sveitarfélaginu dýr enda er sundlaugin olíukynnt. Olíuverð hækkaði mikið árið 2022 en hefur lækkað á ný. Opnunartími íþróttamannvirkja hefur verið aukinn frá því sem áður var. Áætlun 2024 gerir ráð fyrir 1,2 millj. kr. lægri kostnaði en árið 2023, sem er fyrst og fremst vegna lægri orkukostnaðar, en unnið er að orkuskiptum í húsnæðinu.

Íþróttavellir

Um er að ræða kostnað við umhirðu og umsjón íþróttavallar, sparkvallar og ærslabelgs.

UMFG

Gegnum árin hefur UMFG verið veittur styrkur í formi beins fjárframlags auk húsaleigustyrks vegna leigu á íþróttahúsi og annars húsnæðis bæjarins.

Ýmsir styrkir


Um er að ræða styrki til annarra félaga og íþróttamála.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 4,0% milli ára.



Brunamál og almannavarnir

Brunamál og almannavarnir	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Slökkvilið	33.308	36.546	3.238	9,7%
Eldvarnareftirlit	500	0	-500	-100,0%
Styrkir	1.626	1.700	74	4,6%
Samtals	35.434	38.246	2.812	7,9%



Slökkvilið

Kostnaður við slökkvilið hefur hækkað nokkuð á undanförunum árum. Slökkviliðið hefur einnig eflst talsvert og eru nú fleiri slökkviliðsmenn með full réttindi en áður var. Á árinu 2024 er gert ráð fyrir svipuðu umfangi og árið 2023. Unnið hefur verið eftir brunavarnaráætlun og jafnframt unnið að frekari forvörnum auk þess sem sérstakar úttektir hafa verið gerðar á stærri eldhættum í sveitarfélaginu. Öll vinna af þessu tagi eykur öryggi í eldvörnum sveitarfélagsins.

Eldvarnareftirlit

Slökkviliðið hefur sjálft sinnt eldvarnareftirliti.

Björgunarsveitin Klakkur

Um er að ræða styrk til greiðslu fasteignagjalda auk beins fjárframlags til sveitarinnar, sem er sambærilegt og árið 2023.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 7,9% milli ára.



Hreinlætismál

Hreinlætismál	Útkomuspá	Áætlun	Breyting kr.	Breyting %
	2023	2024		
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	800	1.065	265	33,1%
Eftirlit með hunda- og kattahaldi	-200	-200	0	0,0%
Samtals	600	865	265	44,2%

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Kostnaður er samkvæmt rekstraráætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands en framlag hækkar milli ára.

Eftirlit með hunda- og kattahaldi


Miðað er við að hunda- og kattaleyfisgjöld standi undir kostnaði við hunda- og kattahald, sem innifelur árlegar dýraskoðanir, tryggingar og umsjón.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 44,2% milli ára eða 265 þús. kr.



Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál	Útkomuspá	Áætlun	Breyting kr.	Breyting %
	2023	2024		
Skipulagsmál	1.000	1.000	0	0,0%
Skipulags- og umhverfisnefnd	2.029	2.363	334	16,5%
Skipulags- og byggingarfulltrúi	23.821	29.374	5.553	23,3%
Reiknuð innri leiga á landi	25.016	25.944	928	3,7%
Samtals	51.866	58.681	6.815	13,1%



Skipulagsmál

Um er að ræða sérfræðikostnað vegna svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags.

Skipulags- og umhverfisnefnd

Kostnaður vegna nefndarinnar er áætlaður svipaður og árið 2023 þar sem gert er ráð fyrir sama fjölda funda. Í nefndinni eru fimm fulltrúar og kostnaður fer eftir fjölda funda.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Á árinu 2021 var sett á stofn sameiginlegt embætti skipulags- og byggingamála með þremur öðrum sveitarfélögum. Það fyrirkomulag er nú á enda, en gert er ráð fyrir ráðningum starfsfólks á nýju ári. Gert er ráð fyrir aukningu kostnaðar um 5,6 millj. kr., sem er 23,3% hækkun.

Reiknuð innri leiga á landi


Um er að ræða færslu innan bókhalds sveitarfélagsins á reiknaðri leigu lands, sem breytist lítið milli ára.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 13,1% milli áætlana.



Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Innri leiga gatnakerfis	29.179	32.894	3.715	12,7%
Viðhald og rekstur gatna	510	510	0	0,0%
Götulýsing	2.300	2.300	0	0,0%
Snjómokstur og hálkueyðing	10.600	10.600	0	0,0%
Framlag til áhaldahúss	15.066	17.654	2.588	17,2%
Samtals	57.655	63.958	6.303	10,9%



Innri leiga gatnakerfis

Um er að ræða millifærða innri leigu, sem breytist aðeins milli ára.

Viðhald og rekstur gatna

Gert er ráð fyrir svipuðum umsvifum í viðhaldi og rekstri gatna.

Götulýsing

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við götulýsingu og árið 2023. Kostnaður vegna götulýsingar hefur hækkað verulega undanfarin ár en nokkurri hagræðingu hefur verið náð með því að stytta tíma götulýsingar. Skipt hefur verið yfir í led-lýsingu.

Snjómokstur og hálkueyðing

Áætlun byggist á reynslu undanfarinna ára. Erfitt getur verið að spá um þennan lið, sem algerlega er háður aðgerðum veðurguðanna.

Framlag til áhaldahúss


Framlag til áhaldahúss er fært á þessa deild, en gert er ráð fyrir hækkingu framlags milli ára.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins lækki um 10,9% milli ára.



Umhverfismál

Umhverfismál	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Opin svæði	13.345	13.635	290	2,2%
Geymslusvæði	247	656	409	165,6%
Minka- og refaeyðing	689	689	0	0,0%
Samtals	14.281	14.980	699	4,9%



Opin svæði

Gert er ráð fyrir að umsvif verði með svipuðu sniði og árið 2023.

Geymslusvæði, jólaskeytingar o.fl.

Gert er ráð fyrir að umsvif verði með svipuðu sniði og árið 2023.

Minnka- og refaeyðing


Miðað er við svipaðan kostnað við minnka- og refaveiði.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins hækki um 4,9% milli ára.



Atvinnumál

Atvinnumál	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Menningar- og markaðsfulltrúi	7.149	3.762	-3.387	-47,4%
Fjallskil og fjárgirðingar	1.220	1.220	0	0,0%
Tjaldsvæði	30	-231	-261	-870,0%
Almenningssalerni	0	-1.350	-1.350	#DIV/0!
Jarðhitamál	1.000	1.000	0	0,0%
Ýmsir styrkir	3.300	4.863	1.563	47,4%
Samtals	12.699	9.264	-3.435	-27,0%



Markaðsfulltrúi

Menningar- og markaðsmál bókast á þennan lið og áfram er gert ráð fyrir kostnaði til menningar- og markaðsmála, en gert er ráð fyrir lægra framlagi vegna breytinga á starfsmannahaldi.

Fjallskil og fjárgirðingar

Um er að ræða framlag sem byggir á reynslu undanfarinna ára og gert ráð fyrir svipuðum umsvifum.

Tjaldsvæði

Mikil umsvif hafa verið á tjaldsvæðinu og uppbygging verið í gangi. Gert er ráð fyrir auknum tekjum en að öðru leyti svipuðum rekstri og á yfirstandandi ári.

Jarðhitamál

Um er að ræða varúðarframlag vegna jarðhitamála.

Ýmsir styrkir


Um er að ræða kostnað vegna reksturs Svæðisgarðsins Snæfellsnes.

Gert er ráð fyrir að útgjöld málaflokksins lækki um 27% milli ára.



Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður	Útkomuspá 2023	Áætlun 2024	Breyting kr.	Breyting %
Bæjarstjórn	22.872	25.408	2.536	11,1%
Endurskoðun	5.150	5.650	500	9,7%
Kosningar	0	0	0	#DIV/0!
Bæjarskrifstofa	71.187	75.320	4.133	5,8%
Innheimtukostnaður	3.750	3.850	100	2,7%
Ýmis útgjöld	5.320	5.500	180	3,4%
Starfsmannakostnaður	4.600	5.060	460	10,0%
Samtök sveitarfélaga	7.825	8.115	290	3,7%
Vinabæjarsamskipti	0	0	0	#DIV/0!
Ýmsir styrkir	2.007	2.167	160	8,0%
Samtals	122.711	131.070	8.359	6,8%



Bæjarstjórn

Kostnaður ræðst að mestu á fjölda funda. Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda funda og árið 2023.

Endurskoðun

Sambærilegur kostnaður og verið hefur.

Bæjarskrifstofa

Áætlun gerir ráð fyrir raunhæfri breytingu milli ára. Leitast hefur verið við að hagræða sem frekast er kostur.



Innheimtukostnaður

Um er að ræða þóknun til ríkisins vegna innheimtu á útsvari og gert ráð fyrir svipuðum kostnaði.

Ýmis útgjöld

Hér er gert ráð fyrir svipuðum kostnaði við fasteignaskrá, þjóðskrá og persónuvernd og verið hefur.

Starfsmannakostnaður

Hér er einkum kostnaður vegna árshátíðar, námskeiða og endurmenntunar, jólagjafa og annars kostnaðar vegna starfsmanna, auk kostnaður vegna kjarasamninga.

Samtök sveitarfélaga

Um er að ræða samningsbundin framlög vegna Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og Héraðsnefndar Snæfellinga.

Vinabæjarsamskipti

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna vinabæjarsamskipta árið 2024.

Ýmsir styrkir

Bæjarstjórn ákvað að setja eina millj. kr. árið 2022 í uppbyggingarsjóð vegna menningar-, íþrótt- og félagsstarfs. Síðan yrði árlegt sambærilegt verðbætt framlag í samræmi við eldri samning um Eyrbyggju-sögumiðstöð, en því samkomulagi lauk árið 2022.

Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við málaflokkinn hækki um 6,8%.



Breyting lífeyrisskuldbindinga

Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga getur verið breytilegt milli ára, sem er í takt við launaþróun. Um er að ræða tryggingafræðilegan útreikning á breytingu framlags vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir hækkun miðað við áætlaðar verðlagsbreytingar.

Í upphafi ársins 2018 fór fram uppgjör við lífeyrissjóðinn Brú, sem er lögbundið. Niðurstaðan var sú að 49,1 millj. kr. voru gjaldfærðar á árinu 2017, þrátt fyrir að uppgjörið hafi ekki borist fyrr en í byrjun árs 2018. Heildarframlag Grundarfjarðarbæjar nam 180,6 millj. kr., sem greitt var með lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

Framlagið skiptist í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Framlag í jafnvægisjóð að fjárhæð 46.378 þús. kr. var gjaldfært að fullu árið 2017. Auk þess var gjaldfærður hluti af framlögum í lífeyrisaukasjóð, 2.356 þús. kr. og varúðarsjóð 380 þús. kr., alls 49,1 millj. kr. Það sem eftir stendur var fært sem fyrirframgreiddur kostnaður og gjaldfærast árlega næstu 30 árin.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld og -tekjur eru áætlaðar til samræmis við verðlagsþróun bæði tekju- og gjaldamegin. Fjármagnskostnaður er hlutfallslega hár sökum þess að skuldir sveitarfélagsins eru háar. Verðbólga árið 2023 hefur verið mikil og því hafa fjármagnsgjöld hækkað verulega. Gert er ráð fyrir lækkun á þeim lið þar sem gert er ráð fyrir lægri meðalverðbólgu árið 2024.

A-hluta sjóðir

A-hluta sjóðir sveitarfélagsins hafa verið tveir, eignasjóður og þjónustumiðstöð (áhaldaús), en nú hefur bæst við hlutdeild Grundarfjarðarbæjar í Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Í eignasjóði eru árlega afskrifaðar fjárfestingar og jafnframt færðar tekjur af innri leigu fasteigna og búnaðar. Gert er ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu eignasjóðs árið 2024.

Þjónustumiðstöð er rekin á núlli, með framlagi frá aðalsjóði.



B-hluta sjóðir

B-hluta sjóðir sveitarfélagsins eru sex. Það eru fráveita, hafnarsjóður, íbúðir aldraðra, leiguíbúðir, sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Áætlað er að fráveitan verði gerð upp með nokkrum hagnaði á árinu 2024, en fráveitugjöld eru áætluð til þess að standa undir kostnaði við fráveitukerfi bæjarins og fjármagna nauðsynleg verkefni sem vinna þarf að í útrásakerfi bæjarins.

Hafnarsjóður, er langstærstur B-hluta sjóða, verður rekinn með sama sniði og verið hefur, en umsvif hafa aukist mikið á síðustu árum og verið fjölgað í starfsliði hafnarinnar. Ráðgert að hagnaður hafnarsjóðs nemi 38,1 milljónum króna á árinu 2024. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu hafnarinnar.

Íbúðir aldraðra og leiguíbúðir eru reknar með nokkrum halla. Leigan þar stendur einfaldlega ekki undir kostnaði við rekstur og viðhald eignanna.

Sorphirðan hefur verið rekin með nokkrum halla á liðnum árum.

Sögumiðstöðin er mjög áhugavert verkefni sem enn er í þróun. Í húsinu er rekin starfsemi bókasafns og upplýsingamiðstöðvar, auk þess sem ýmiskonar félagsstarf fer fram í húsinu. Áfram er unnið að stefnumótun varðandi framtíðarstarfsemi hússins.



Niðurlag

Hér hefur verið farið yfir helstu stærðir í fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2024. Markmiðið er að sinna vel allri grunnstarfsemi sveitarfélagsins og vinna að nauðsynlegu viðhaldi og framkvæmdum í sveitarfélaginu. Áfram verður unnið að hagræðingu hinna mismunandi rekstrarþátta sveitarfélagsins og þar verður sérstaklega kallað eftir liðsinni forstöðumanna og starfsfólks bæjarins.

Að lokum er öllu starfsfólki sem komið hefur að þessari vinnu þakkað fyrir vel unnin störf.

Grundarfirði 14. desember 2023

srs